

## Innkaup á listaverki í safneign Listasafns Íslands

Höfundur verks er vinsamlegast beðinn um að fylla út meðfylgjandi eyðublað og senda til verkefnastjóra skráningar á eftirfarandi netfang: [anna.johannsdottir@listasafn.is](mailto:anna.johannsdottir@listasafn.is).

### Höfundur

Nafn listamanns	Einar Falur Ingólfsson		
Heimilisfang	Gljúfrasel 7, 109 Reykjavík		
Heimilisfang frh		Sími/gsm	669 1206
Netfang	einarfalur@gmail.com		
Kennitala	241066-5849		

### Listaverk

Heiti á íslensku	Elínborg Una í sóttkví vegna kórónuveirunnar Covid-19, Skógarseli á Mosfellsheiði, mars 2020 – Á heiðinni - Skógarsel á Mosfellsheiði, mars 2020.
Heiti á ensku	Elínborg Una in isolation due to the Covid-19 pandemic – Skógarsel, Mosfellsheiði, Iceland, March 2020 – On the heath –Skógarsel, Mosfellsheiði, Iceland, March 2020.
Ártal	2020 - 2022
Upprunaland	Ísland
Stærð (t.d. h x br í cm eða mínútur)	59 x 93 cm.
Efniviður verks	Einstakt varanlegt ljósmyndaprent / A unique archival pigment print.

Verki þarf að fylgja ljósmynd til kynningar og skráningar.

Verki í upplagi þarf að fylgja vottorð frá listamanni um eintakafjölda.

Samsettum verkum þarf að fylgja leiðbeiningar eða ljósmyndir sem sýna uppsetningu.

## Nánari lýsing á listaverki

### 1. Hvaðan kemur heiti verksins? Ef verkið er án titils, hver vegna?

Þetta er hluti af dagbókarverki og heiti myndaparsins lýsir með hlutlægum hætti því sem verkið sýnir.

### 2. Lýstu verkinu í nokkrum orðum.

Myndaparið sýnir annars vegar yngri dóttur mína, Elínborgu Unu, innan við glerið í sumarbústað á Mosfellsheiði, þar sem hún var í einangrun eftir að hafa verið send heim úr mennaskólanum sem hún var í í Noregi, vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar Covid-19 í mars 2019. Hinsvegar sýnir hinn hluti parsins aðstæðurnar á heiðinni þar sem hún er í einagrun, fannfergi við húsið.

### 3. Hver er kveikjan að þessu verki / Hvaðan kom hugmyndin að þessu verki?

Þegar báðar dætur mínar héldu til náms erlendis síðsumars 2018 ákvað ég að halda næstu 18 mánuði dagbók þar sem ég skráði líf mitt og fjölskyldunnar á tímum þeirra persónulegu breytinga. Margt fleira kom þar inn, skoðun á flæði tímans og mikilvægum þáttum sem móta líf mitt sem einstaklings og listamanns. Þegar skráningunni var að ljúka skall síðan á heimsfaraldur Covid-19 og ég framlengdi verkið um tvo mánaði, eða þar til dæturnar gátu komið aftur heim og fjölskyldan sameinast að nýju. Þetta myndapar sýnir Elínborgu Unu, yngri dóttur mína, í einangrun í sumarbústað fjölskyldunnar en hún var send heim úr menntaskóla sínum í Noregi vegna faraldursins. Það var snjópungt þessar vikur og hnykkir fannfergið á einsemdinni og aðstæðunum í nýstárlegum heim heimsfaraldurs.

### 4. Hvar staðsetur þú verkið í ferli þínum?

Allan minn myndlistarferil hef ég unnið með dagbækur og tímaskráningu á einn eða annan hátt, og þetta verkefni, Um tíma – Dagbók tuttugu mánaða, er afar mikilvægur þáttur í þeirri sköpun og skráningu.

### 5. Hefur þú gert önnur verk sem tengjast þessu verki?

Verkin á sýningunni í BERG Contemporary og samnefndi bók eru í röð dagbókarverka sem ég hef unnið með árum saman. Þetta myndapar er innan ramma þeirra 20 mánaða sem vísað er til í titlinum og tengjat verkin með einum og öðrum hætti, enda um persónulegt dagbókarverkefni að ræða og sýnir verkið yngri dóttur mína þegar hún var send heim úr menntaskóla í Noregi vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar í mars 2020.

6. Hvers konar tækni notar þú við gerð verksins?

Ljósmyndirnar eru teknar á stafræna milliformatsvél, í mikilli upplausn, en í öllum mínum myndlistarverkum frá árinu 2007 hef ég aðeins unnið með stórt format.

7. Af hverju vinnur þú með þennan miðil?

Mikil upplausn og hlutlægni í framsetningu eru mér mikilvæg, og að láta huglægan heim verkanna kallast á við skýrleikann og agaða framsetningu.

8. Hvar og hvenær hefur verkið verið sýnt, áður en það kom í eigu Listasafns Íslands?

Verkið var fyrst og aðeins sýnt á sýningunni *Um tíma - Dagbók tuttugu mánaða*, í BERG Contemporary sem opnaði í janúar 2022

9. Eru til heimildir um verkið sem eiga heima í heimildasafni Listasafnsins t.d. textar, gagnrýni o. fl.?

Bókin sem er samnefnd og kom samtímis út er í eigu Listasafns Íslands. Þá skrifaði Guðmundur Andri Thorsson texta sem fylgdi sýningunni úr hlaði. Viðtöl um verkefnið birtust í allnokkrum fjölmiðlum.

10. Hefur þú sérstaka ósk um þýðingu á heiti verksins?

Elínborg Una in isolation due to the Covid-19 pandemic – Skógarsel, Mosfellsheiði, Iceland, March 2020 – On the heath –Skógarsel, Mosfellsheiði, Iceland, March 2020.

11. Hvar er verkið unnið?

Báðir hlutar myndaparsins voru teknir, eins og fram kemur í heitinu, í Skógarseli á Mosfellsheiði í mars 2020. Unnið síðan af höfundi í Reykjavík en fulllitgreint og prentað af Pétri Thomsen, Sólheimum, Grímsnesi.

12. Hefur einhver annar en þú komið að gerð verksins?

Pétur Thomsen prentaði verkið.

13. Hver er fjöldi eintaka af verkinu og hverjir eru eigendur annarra eintaka ef það er til í upplagi?

Verkið er einstakt. Það var gert fyrir sýninguna í þremur eintökum en að ósk Listasafns Íslands er það aðeins í þessu eina eintaki.

## II Leiðbeiningar

Útskýrðu hvernig þú vilt að verkið sé sett upp.

Í ramma – eins og sérfræðingar Listasafns Íslands telja best.

Upplýsingar um efnivið verksins, varðveislu og hugsanlega endurgerð þess.

Ljósmyndaverkið er prentað á sýrufrían pappír með pigmenti, varanlegt ljósmyndaprent. Safnið á sýningareintak, það sem var í BERG Contemporary, límt upp á foam. Þá lét safnið gera varanlegt prent, sem varðveitt er óupplímt og í myrkri.